

## Um styrkþega Afreks- og hvatningarsjóðs 2023

**Aleksandar Kirilov Stamenkov** brautskráðist frá Menntaskólanum í Reykjavík í vor. Í MR lærði hann sex mismunandi tungumál sem kennd eru þar auk þess að ljúka stúdentsprófi í búlgörsku. Hann hefur þegar lokið marabonum og stefnir á ofurmarabonhlaup í framtíðinni. Þá hefur hann samið eigin tónlist í langan tíma. Alexander hefur innritast í lögfræði.

**Alexander K. Bendtsen** var dúx Verzlunarskóla Íslands við brautskráningu í vor. Á námsárum sínum í Versló lét hann mikið til sín taka í félagslífi, m.a. í leikhóp Nemendamótsnefnda og Morfíslíði skólans. Hann er auk þess með svarta beltið í karate og hefur þjálfað greinina hjá ÍR. Alexander hefur jafnframt leiðbeint yngri nemendum í stærðfræði og hefur innritast í þá grein í HÍ.

**Anita Yrr Taylor** brautskráðist frá Fjölbautaskóla Suðurnesja í vor og var annar tveggja dúxa skólans. Á meðan á framhaldsskólanámi stóð dvaldi Anita eitt ár sem skiptinemi á Ítalíu og samhliða námi stundaði Anita einnig nám í fiðluleik og tónfræðigreinum. Þá er hún félagi í björgunarsveit á Suðurnesjum. Anita hefur innritast í nám í landfræði.

**Anna Soffía Hauksdóttir** útskrifaðist frá Menntaskólanum við Hamrahlíð síðastliðið vor. Samhliða því lauk hún framhaldsprófi í fiðluleik. Tónlist hefur skipað stóran sess í lífi Önnu Soffíu sem hefur m.a. tekið þátt í Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Harpa International Music Academy og kór Menntaskólans við Hamrahlíð. Anna Soffía hefur hafið nám í lögfræði

**Ashali Ásrún Gunnarsdóttir** lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík í vor. Ashali Ásrún var í Olympíuliði Íslands sem tók þátt alþjóðlegu leikunum í eðlisfræði í Tókíó sumar. Samhliða námi í menntaskóla hefur hún lagt stund á píanónám og þá tók hún þátt í starfi leikfélagsins Herranætur og femínistafélags MR. Ashali Ásrún hefur skráð sig í nám stærðfræði.

**Ásta Fanney Hreiðarsdóttir** brautskráðist frá Menntaskólanum við Sund vorið 2022 og dúxaði á sinni námsbraut. Hún æfði knattspyrnu af miklum móð um árabil og þá tók hún þátt í fyrirtækjasmiðjum framhaldsskólanna. Hún hefur mikinn áhuga á að vinna með fólk og hjálpa því að takast á við lífið og tilveruna og hyggur því á nám í sálfræði.

**Bjarni Hauksson** lauk stúdentsprófi frá Fjölbautaskólanum í Garðabæ í maí og varð semidúx skólans. Bjarni æfir frjálsar íþróttir með meistaraflokki Breiðabliks og varð m.a. Íslandsmeistari í sínum aldursflokki í bæði kúluvarpi og kringlukasti árin 2021 og 2022 og hefur verið valinn í úrvalshóp FRÍ síðustu tvö ár. Bjarni hyggur á nám í vélaverkfræði.

**Elísa Inger Jónsdóttir** lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík vorið 2022. Á framhaldsskólaárunum dvaldi hún einnig sem skiptinemi á Ítalíu. Hún hefur sótt fjölmörg námskeið í myndlist auk þess að hafa hannað fót og skartgripi. Síðasta vetur dvaldist Elísa í lýðháskóla í Noregi en hún hefur nú innritast í jarðeðlisfræði í Háskóla Íslands.

**Eva Mítra Derayat** brautskráðist frá Menntaskólanum í Reykjavík í fyrravor. Ásamt því að ná góðum árangri í stærðfæði- og eðlisfræðikeppnum framhaldsskólanna lét Eva Mítra mikið að sér kveða í félagslífi MR, m.a. í Listafélaginu og Herranótt, auk þess að æfa frjálsar íþróttir af kappi. Hún dvaldi lýðháskóla í Danmörku í fyrravetur en hefur nú hafið nám í tölvunarfræði.

**Guðbjörg Alma Sigurðardóttir** lauk stúdentsprófi frá Kvennaskólanum í Reykjavík í fyrra og var annar af dús skólans. Hún tók þátt í kór Kvennaskólans, bæði sem söngkona og stjórnarmaður. Hún tók sér hlé frá námi síðastliðinn vetur og dvaldi hluta hans í lýðháskóla á Jótlandi. Félagsvíindi heilluðu Guðbjörgu Ölmu snemma í framhaldsskóla og því hefur hún hafið nám í félagsfræði.

**Guðrún Edda M. Harðardóttir** lauk stúdentspróf frá Flensborgarskólanum í Hafnarfirði í desember 2022 og var dús skólans. Hún hefur æft fimleika frá þriggja ára aldri og hefur verið í landsliðum í greininni undafarin fimm ár. Guðrún Edda hefur m.a. keppt á heims-, Evrópu- og Norðurlandamótum í fimleikum og hefur auk þess unnið Íslands- og bikarmeistararatitla. Guðrún Edda hefur innritast í nám í lífeindafræði

**Hannes Hermann Mahong Magnússon** lauk stúdentsprófi frá Kvennaskólann í Reykjavík í vor. Í Kvennó lét hann töluvert að sér kveða í félagslífínu. Hann hefur enn fremur verið í landsliði Íslands í karate undanfarin fimm ár og æft og keppt erlendis. Hann státar enn fremur af tveimur Íslandsmeistararatitlum í greininni. Hannes Hermann hefur innritað sig í kínversk fræði með áherslu á viðskipti.

**Helena Björk Arnarsdóttir** brautskráðist frá Menntaskólanum í Reykjavík í fyrravor. Hún á að baki píanó- og sögnám og í menntaskóla tók hún m.a. þátt í stuttmyndasamkeppni framhaldsskólanema í þýsku með góðum árangri. Helena Björk hefur hafið nám í læknisfræði.

**Herdís Pálsdóttir** lauk stúdentsprófi frá Kvennaskólanum í Reykjavík í vor. Í Kvennaskólanum lét Herdís m.a. að sér kveða í leikfélagit og umhverfisráði auk þess sem hún var í Morfís-liði skólans. Samhliða námi í Kvennó hefur Herdís spilað á fransk horn með skólahljómsveit Grafarvogs. Herdís hefur hafið nám í mannfræði.

**Hildigunnur Ingadóttir** útskrifaðist frá Menntaskólanum við Hamrahlíð í vor. Í MH tók hún m.a. þátt í starfi málfundafélags skólans og þá vann hún bæði á bókasafni skólans og Borgarbókasafninu samhliða námi. Hildigunnur lagði m.a. áherslu á sálfræði, stærðfræði og félagsfræði í framhaldsskóla og hefur nú innritað sig í fyrstnefndu greinina í Háskóla Íslands.

**Ísleifur Arnórsson** lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð í vor. Hann hefur lagt stund á golf frá fimm ára aldri og státar m.a. af Íslandsmeistararatitli í yngri flokkum í greininni. Auk þess hefur kann kennt yngri iðkendum íþróttina. Ísleifur var í Gettur betur liði MH í tvö ár, tók þátt í Morfís og söng með kór Menntaskólans við Hamrahlíð. Hann hefur innritast í heimsspeki.

**Jakobína Hjörvarsdóttir** brautskráðist frá Verkmenntaskólanum á Akureyri í vor. Hún hefur æft knattspyrnu frá tíu ára aldri og leikið með meistaraflokk KA frá 14 ára aldri. Hún á líka að baki fjöldu leikja með yngri landsliðum Ísland og var í U-19 ára landsliði Íslands sem tók þátt í lokakeppni Evrópumótsins í Belgíu í summar. Jakobína hefur hafið nám í sjúkrabjálfun.

**Jovan Gajic** útskrifaðist frá Menntaskólanum í Reykjavík vorið 2022. Frá því að hann lauk stúdentsprófi hefur hann m.a. unnið sem forritari fyrir bókunarlausnafyrirtæki á Kýpur. Jovan hefur mikinn áhuga á himingimnum og geimtækni og langar að vinna á því sviði í framtíðinni og því hefur hann hafið nám í vélaverkfræði.

**Jóhanna Hlynsdóttir** útskrifaðist frá Menntaskólanum á Egilsstöðum vorið 2022. Hún á að baki nám í einsöng og á ásláttarhljóðfæri og lét m.a. að sér kveða í söngkeppni ME og í Morfís fyrir hönd skólans. Jóhanna lék einnig knattspyrnu á yngri árum með Hetti á Egilsstöðum og státar af bæði þjálfara- og

dómararéttindum í greininni. Jóhanna dvaldi síðasta vetur í lýðháskóla í Danmörku en hefur nú hafið nám í lyfjafræði.

**Jóhanna María Ægisdóttir** lauk stúdentsprófi frá Fjölbautaskóla Snæfellinga í vor. Hún á að baki tónlistarnám, bæði á píanó og í gegnum þátttöku í lúðrasveitum. Þjóðtrú og menningararfur Íslendinga hefur lengi verið áhugamál hjá Jóhönnu Maríu og lokaverkefni hennar í framhaldsskóla var vefsíða með þjóðsögum frá Stykkishólmi og nærumhverfi. Það kemur því ekki á óvart að hún innritað sig í nám í þjóðfræði.

**Karin Guttesen** lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð í vor. Hún hefur alla tíð haft mikinn áhuga á félagsstarfi og tók m.a. þátt í starfi ljósmyndaráðs nemendafélags MH og leiklistarlífi skólans. Karin hefur innritast í nám í lífefna- og sameindalíffræði.

**Katla Ólafsdóttir** útskrifaðist frá Menntaskólanum í Reykjavík í vor sem semidúx skólans. Katla tók þátt í starfi Gettu betur liðs MR öll ár sín í skólanum og hefur verið í sigurliði skólans síðastliðin tvö ár. Dvöl hennar í Brussel árin 2019-202 kveikti áhuga hennar á alþjóðmálum og því hefur Katla hafið nám í stjórnmálafræði.

**Katrín Tinna Sævarsdóttir** lauk stúdentsprófi frá Verzlunarskóla Íslands í vor. Hún á enn fremur að baki störf í ungmennaráði Umboðsmanns barna og þá stýrði hún m.a. Vísindafélagi Versló í veturni en það gaf út yfir 100 blaðsíðna tímarit undir hennar ritstjórn. Katrín Tinna hefur hafið nám í hugbúnaðarverkfræði.

**Kirill Zolotuskiy** brautskráðist frá Menntaskólanum í Reykjavík í vor. Hann hefur náð afar glæsilegum árangri í ýmsum raunvísindakeppnum framhaldsskólanna sem skilaði honum sæti í landsliðum í staerðfræði og forritun. Hann hefur enn fremur náð afar góðum árangri í alþjóðlegum keppnum í greinunum. Kiril hefur skráð sig í nám í staerðfræði með tölvunarfræði sem kjörsvið.

**Kristín Ingibjörg Magnúsdóttir** útskrifaðist frá Menntaskólanum í Reykjavík vorið 2022. Hún hefur æft borðtennis frá níu ára aldri og hefur leikið með bæði unglingslandsliðum og A-landsliði í greininni. Hún var enn fremur í landsliði Íslands í eðlisfræði í fyrra og tók þátt í Alþjóðlegu ólympíukeppninni sama ár. Þá hefur hún leikið á saxófón um árabil. Kristín Ingibjörg hefur hafið nám í eðlisfræði.

**Leifur Már Jónsson** lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík í. Hann á einnig að baki nám á bæði klarinet og bassa og hefur tekið þátt í mörgum verkefnum innan Tónlistarskólans í Garðabæ. Þá hefur Leifur æft tennis í mörg ár og varð Íslandsmeistari utanvallar í flokki U18 árið 2022. Leifur hefur hafið nám í vélaverkfræði.

**María Hafdís Breiðfjörð** brautskráðist af Háskólabrú Keilis í vor með afar góðum árangri. Hana dreymir um að vinna sem félagsráðgjafi hjá Barnaverndarnefnd og nýta þar eigin reynslu og hún hefur því innritast í félagsráðgjöf.

**Matthías Andri Hrafinkelsson** lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík í vor. Hann hefur á síðustu árum náð frábærum árangri í raungreinakeppnum og forritunarkerppni framhaldsskólanna og var í sumar boðið sæti í þremur ólympíuliðum. Hann ákvað á endanum að keppa fyrir Íslands hönd á ólympíuleikunum í staerðfræði í Japan. Þá hefur hann lært blokkflautuleik og tónfræði um árabil. Matthías Andri stefnir á að ljúka gráðu í staerðfræði í Háskóla Íslands.

**Noor Muayad Khalid Al Zamil** brautskráðist frá Menntaskólanum á Egilsstöðum í vor en hún flutti hingað til lands frá Írak fyrir fimm árum eftir að hafa dvalið í flóttamannabúðum í Jórdaníu í tvö og hálftrár. Noor hefur áhuga á að starfa innan heilbrigðisgeirans hér á landi og hefur innritast í hjúkrunarfræði.

**Patryk Lukasz Edel** brautskráðist frá Menntaskólanum á Egilsstöðum í vor en samhliða síðustu önn sinni í skólanum vann hann sem stuðningsfulltrúi í Grunnskóla Reyðarfjarðar. Hann hefur æft kraftlyftingar að undanförnu og þá hefur hann samið eigin tónlist í fjölmörg ár og hefur þegar gefið út sína fyrstu plötu á streymisveitum. Patryk hefur hafið nám í viðskiptafræði.

**Pjetur Már Hjaltason** lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð í fyrravor. Hann var afar virkur í félagslífi skólans, m.a. í gegnum Gettu betur, Morfís og nemendafélag skólans. Þá á Pjetur Már að baki langt starf innan skátahreyfingarinnar og hlotið viðurkenningar fyrir störf sín. Pjetur Már hefur hafið nám í íslensku með alþjóðanám í menntunarfræðum sem aukagrein.

**Ragnar Þórólfur Ómarsson** lauk stúdentsprófi frá Verkmenntaskóla Austurlands í vor. Öll þrjú árin í skólanum var hann liðsmaður í Gettu Betur liði skólans en það komst í undanúrslit keppninnar í vor. Þá æfir Ragnar Þórólfur knattspyrnu með meistaraflokk Knattspyrnufélags Austurlands. Sumar- og vetrarstörf hjá Lyfju kveiktu áhuga hans á lyfjafræði og hefur hann nú innritast í þá grein.

**Rut Rebekka Hjartardóttir** var dúx Kvennaskólans í Reykjavík í vor en hún útskrifaðist með hæstu meðaleinkunn sem gefin hefur verið í skólanum. Hún hefur stundað dansnám frá fjögurra ára aldri og útskrifaðist einnig í vor af listdansbraut Danslistaskóla JSB. Rut Rebekka hefur tekið þátt í fjölmörgum verkefnum á sviði sviðslista, m.a. í Borgarleikhúsini og á vegum RÚV, keppt í dansi víða um heim og samið dansa og kennt. Rut Rebekka hefur hafið nám í lífeindafræði.

**Sigurður Ari Stefánsson** brautskráðist frá Kvennaskólanum í Reykjavík í vor. Hann er afreksmaður í fimleikum og hefur verið valinn til að taka þátt fyrir Íslands hönd í ýmsum verkefnum, eins og Evrópu- og Norðurlandamótum unglunga. Hann varð Íslandsmeistari unglunga í áhaldafimleikum karla í fyrra en hefur nú færst upp í fullorðinsflokk þar sem berst um landsliðssæti í greininni. Sigurður Ari hefur innritast í tölvunarfræði.

**Teresa Ann Frigge** lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík vorið 2022. Hún hefur náð feikigóðum árangri í landskeppninni í eðlisfræði og keppt fyrir Íslands hönd á Ólympíumótinu í eðlisfræði. Teresa hefur einnig verið mjög virk í leiðtogaþlutverki í ungliðastarfi á vegum kirkjunnar í fjölmörg ár þar sem hún hefur ræktað tónlistarhæfileika sína. Teresa innritast í lífefna- og sameindalíffræði.

**Thanawin Yodsurang** lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Sund í vor og var dúx skólans. Mart, eins og hann er kallaður, hefur æft knattspyrnu með Breiðabliki með afar góðum árangri og m.a. verið valinn í hæfileikamótun hjá KSÍ. Mart hefur hafið nám í vélaverkfræði.

**Ylfa Flosadóttir** lauk stúdentsprófi af Háskólabrú Keilis í vor. Hún hefur m.a. látið til sín taka á vegum samtakanna Einstök börn og hefur mikinn áhuga á að vinna með börnum. Ylfa hefur því hafið nám í grunnskólakennslu en hún stefnir jafnframt á það að verða sérkennari að loknu námi.